

Ísafjarðarbær  
Byggingarfulltrúi  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

18045

2018-06-28

## Rannsóknarboranir fyrir jarðgangamunna

Verkís hf. fyrir hönd Vegagerðarinnar óskar eftir leyfi til rannsóknarborana á tveimur stöðum í Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði. Annars vegar gengt þverun yfir Skutulsfjörð og hins vegar neðan Naustahvilftar. Gera þarf slóða sem gengið verður frá strax, eins og mögulegt er, sjá meðfylgjandi verklýsingu ásamt myndum af fyrirhugum svæðum hér að neðan. Sneiðingar eru sýnar á myndum en reynt verður að lágmarka sneiðinga eins og kostur er, eingöngu þannig að borvagn komist á staðinn.

Áætlaður verktími var í lok júlí en verktaki hefur nú óskað eftir að hraða verkinu og því líklegt að verkið hefjist 10. júlí.

Alþingi hefur veitt lítilli fjárhæð til jarðgangarannsóknna vegna Álftafjarðarganga. Árið 2001 var gerð yfirlitsathugun á nokkrum gangaleiðum í tengslum við, Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegjar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur, meðal annars á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar.

Líklegasti staður fyrir munna Skutulsfjarðarmegin var talinn undir Naustahvilft til að forðast snjóflóðahættu. Gallinn er á hinn bóginn sá að þar er urðarkápan (skriðan) sennilega þykk og þykkari en annars staðar. Það er bæði mikið verk að grafa sig í gegn um hana og getur orðið mjög áberandi ekki síst þarna beint á móti eyrinni. Athuga þarf fleiri staði innar, t.d. um það bil beint á móti þveruninni yfir fjörðinn við innri flugvallarendann. Þar virðist urðarþekjan þynnri, í staðin nær skriðan að vísu hærra upp. Þessi staðsetning munna leiðir að vísu til nokkuð lengri ganga. Þetta þarf allt að skoða.


Til að skoða framangreinda munnastaði þarf að frumhanna vegi að þeim og gera athuganir á þykkt lausra jarðefna. Ekki er talin ástæða til að fara í neinar frekari athuganir á bergi á þessu stigi, heldur verður stuðst við almenna þekkingu á jarðfræði svæðisins, enda ekkert sem bendir til að þar verði við sérstaklega erfiðar aðstæður að etja. Val á munnastöðum og þar með lengd jarðganga eru þeir þættir sem mestu máli skipta á þessu stigi.

Til að ná þessu markmiði þarf að bora í skriðuna sem hæst. Áætlað er að fara upp í nálægt 80 m hæð en það verður ákveðið endanlega eftir að boranir eru hafnar. Álitið er að hægt sé að koma vélum upp í um 40 m hæð án rasks en nauðsynlegt er að gera sneiðinga fyrir ofan þá hæð. Sneiðingar verða strax jafnaðir út strax innan nokkurra daga og í sáð í grasfræi. Sáningu er mögulega ástæða til að endurtaka næsta vor.

Hugsanlega er hægt að nota sneiðinga sem eru skv. tillögu að deiliskipulag fyrir Naustahvilft að hluta til að þó þarf fara út af þeim til að komast að borsvæðinu.



**Mynd 1** Séð frá Þjóðvegi upp í Naustahvíft. Rauða svæðið er þar sem borun fer fram og þar sem þarf að gera sneiðinga, dökka línan kemst borvagninn upp með aðstoð gröfu.



**Mynd 2** Tekið úr tillögu að deiliskipulagi fyrir Naustahvíft. Hugsanlega hægt að nýta slóða upp fjallið og gera svo slóða út í borplanið (dökk lína). Rauða svæðið er þar sem borun fer fram, líklega þarf einnig að gera sneiðinga þar.



**Mynd 3** Svæði neðan Naustahviltar. Blár litur er þar sem borvagn getur keyrt sjálfur eða með aðstoð gröfu, gult er sneiðingur, rautt svæði er þar sem borholur verða gerðar.



**Mynd 4** Svæði ofan flugvallar gengt þverun Skutulsfjarðar. Dökkur litur er þar sem borvagn getur keyrt sjálfur eða með aðstoð gröfu, gult er sneiðingur, rautt svæði er þar sem borholur verða gerðar.



**Mynd 5** Svæði ofan flugvallar gengt þverun Skutulsfjarðar. Blár litur er þar sem borvagn getur keyrt sjálfur eða með aðstoð gröfu, gult er sneiðingur, rautt svæði er þar sem borholur verða gerðar.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.

---

Jóhann Birkir Helgason